

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 770/2006 um veiðar á íslenskri sumargotssíld.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða verður svohljóðandi:

Þrátt fyrir bann við síldveiðum með flotvörpu skv. 2. gr. reglugerðarinnar eru veiðar á íslenskri sumargotssíld heimilar í friðunarsvæði vestur af landinu sem tilgreint er í 1. og 2. töl. 1. gr. reglugerðar nr. 310/2007, um friðunarsvæði við Ísland.

Ákvæði þetta gildir til og með 1. mars 2018.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 2. nóvember 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*